



Skipulag fyrir Víkurskóla, leikskóla, gæsluvöll, leikvöll og bílastæði.  
 Skipulagsuppdráttur dags. 29.03.1994/ breytt 10.07. 1994.  
 Afstöðumynd lóðar samþ. 25. 07 1994.



Deiliskipulag fyrir Víkurskóla, leikskóla, gæsluvöll, leikvöll og bílastæði í Víkurhverfi. 17.05.1999



Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016 mkv. 1: 20 000

Deiliskipulag fyrir lóðir Víkurskóla, leikskóla, gæsluvallar og leikvallar.

**Greinargerð:**

Í Borgarholti 2 eru 3, íbúðahverfi, Borga-, Engja- og Víkurhverfi ásamt verzlunar- og þjónustusvæðinu Spöng. Í hverju hverfi var gert ráð fyrir grunnskóla fyrir yngstu börnin (1.-7. bekkur) og sameiginlegum grunnskóla (safnskóla) 8.-10. bekkjar á miðsvæði. Á árinu 1995 var samþykkt stefnumarkandi breyting í skólamálu hverfanna. Ákveðið var að grunnskólar í Borgarholti yrðu einsetnir og heildstæðir (1.-10. bekkur). Einnig var ákveðið að byggja 4 deilda leikskóla í hverfunum í stað 3 deilda áður, þar sem um mun arðbærari rekstrareiningu væri að ræða og um leið var komið til móts við aukna þörf á leikskólarymum í hverfunum. Deiliskipulag þetta er fram komið vegna framangreinds.

**Skýringar:**

Meginhluti grunnskólans er á tveimur hæðum. Sá hluti skólans sem snýr til suðurs er á einni hæð. Lofttræsítum stendur upp úr húsi á mjög takmörkuðu svæði og þar er hámarkshæð byggingar.

Leikskóli stækkar og verður 4. deilda, á einni hæð.

Gæsluvöllur er færður í suðvesturhorn svæðis, í beinu framhaldi af leikskólalóð. Framhjáhlaup fyrir bílaakstur sem nýtist bæði leikskóla og gæsluvelli er sett á Hamravík við gæsluvallarióð.

Leikvöllur er í norðausturhorni svæðis á sama stað og áður.

Hringakstur er á bílastæði við leikskóla sem auðveldar foreldrum aðkomu að lóðinni. Sameiginleg aðkoma úkutækja er frá Hamravík að lóðum leikskóla og grunnskóla.

Sporbaugslaga göngustígur liggur í kringum skólabyggingu. Sporbaugnum tengjast síðan allar þær gönguleiðir hverfisins sem þvera lóðirnar.

**Skilmálar:**

Landnotkun er í samræmi við gildandi Aðalskipulag 1996-2016

<b>Grunnskóli.</b>	
Lóðarstærð u.þ.b.	18790 fm.
Byggingarmagn u.þ.b.	4400 fm.
Hæð frá gólfplötu aðalhæðar í mæni	10,5 m.
Mesta hæð í lofttræsítum	12 m.
Fjöldi bílastæða á lóð	70
Nýtingarhlutfall allt að	0,3

<b>Leikskóli:</b>	
Lóðarstærð	4340 fm.
Byggingarmagn u.þ.b.	640 fm.
Hæð frá gólfplötu í mæni	6,5 m.
Fjöldi bílastæða á lóð	20
Nýtingarhlutfall allt að	0,2

<b>Gæsluvöllur:</b>	
Lóðarstærð	1930 fm.
Byggingarmagn allt að	100 fm.
Hæð frá gólfplötu í mæni	5,5 m.
Fjöldi bílastæða á lóð	3

<b>Leikvöllur:</b>	
Lóðarstærð	2480 fm

Mörk deiliskipulags	-----
Lóðarmörk	=====
Byggingareitur	-----

Endanlegar stærðir lóða eru háðar nákvæmari mælingu  
 Mælingadeildar Borgarverkfræðings.

Deiliskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 25. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt af borgarráði Reykjavíkur

þann 10. Maí 1999

*Sigurður B. Sveinsson*  
 Sigurður B. Sveinsson  
 BORGARSTJÓRN  
 REYKJAVÍK

Mælikvarði 1: 1000

Sigurður Gústafsson, arkitekt FAI Klappartíg 16 101 Reykjavík  
 Sími 5522860. Netfang: sigurdur@ark.is